# AUGLÝSING

**um skipulagsmál í Akureyrarbæ.**

*Breyting á deiliskipulagi fyrir verksmiðjusvæði á Gleráreyrum.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 15. júní 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir verksmiðjusvæði á Gleráreyrum.

Breytingin tekur til lóðarinnar Gleráreyra 1 og felur í sér stækkun á byggingarreit til suðausturs um 10,5 m x 85 m, þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu í einnar til tveggja hæða viðbyggingu við verslunarmiðstöðina Glerártorg. Samhliða fækkar bílastæðum á lóðinni úr 623 stæðum í 545 stæði og bílastæðakrafa breytist úr einu stæði pr. 35 $m^2$ í eitt stæði pr. 40 $m^2$. Þá hliðrast gönguleið til suðausturs um sem nemur stækkun byggingarreits.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 24. júní 2022.*

**María Markúsdóttir,** verkefnastjóri skipulagsmála.

---